



Umboðsmaður barna
Salvör Nordal, umboðsmaður barna
Kringlunni 1
103 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 19. febrúar 2021
Tilv.: HRN19020057/05.45

Efni: Langur biðtími eftir talmeinaþjónustu og aðgengi barna að talbjálfun.

Heilbrigðisráðuneytið vísar til erindis umboðsmanns barna, dags. 4. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir upplýsingum um þær aðgerðir sem ráðuneytið áætlar að grípa til í þeim tilgangi að bæta þjónustu við börn sem þurfa á talmeinaþjónustu að halda og tryggja snemmtæka íhlutun með því að útrýma biðtíma barna. Í erindinu kemur fram að óviðunandi sé að börn þurfi að bíða allt að 36 mánuði eftir talmeinaþjónustu en ekki sé hægt að sjá að biðtími muni styttast ef ekki verði gerðar breytingar á fyrirkomulagi þjónustunnar. Mikilvægt sé að tryggja börnum talmeinaþjónustu sem þau þurfa eins fljótt og hægt er, enda sé ljóst að töf á þessari mikilvægu þjónustu geti haft umfangsmikil áhrif á framtíð barna með tal- og málþroskaröskun.

Heilbrigðisráðuneytið tekur undir sjónarmið umboðsmanns barna að mikilvægt er fyrir þennan hóp barna að fá viðeigandi þjónustu. Staðreyndin er sú að skortur er á talmeinafræðingum og hefur sá vandi verið viðvarandi í langan tíma. Þrátt fyrir að nemum í talmeinafræði og útskrifuðum talmeinafræðingum hafi fjölgæð hefur sú fjölgun ekki haldið í við vaxandi þörf barna fyrir þjónustuna. Hinn 27. nóvember síðastliðinn hélt núverandi heilbrigðisráðherra heilbrigðisþing í þriðja sinn, þar sem umfjöllunarefni var mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu, en í heilbrigðisstefnu til ársins 2030 er áhersla á mikilvægi mönnunar í heilbrigðisþjónustu sem og menntunar heilbrigðisstéttu, þar með talmeinafræðinga. Hyggst heilbrigðisráðherra leggja fram þingsályktunartillögu til að koma í farveg þeim málefnum sem rædd voru á fyrrgreindu heilbrigðisþingi.

Þannig er áætlað að heilbrigðisráðherra leggi fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um stofnun þverfaglegs landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Ráðinu er ætlað að vera samráðsvettvangur heilbrigðisstofnana, sveitafélaga, menntastofnana, embættis landlæknis og fulltrúa heilbrigðisráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis og vera ráðherra ráðgefandi um mönnun heilbrigðisþjónustunnar og menntun heilbrigðisstéttu þannig að nægur fjöldi hæfs starfsfólks í heilbrigðisþjónustu sé til framtíðar og menntun fullnægi þörfum hverju sinni. Að auki er ráðinu ætla að koma að greiningu á viðvarandi skorti eða fyrirsjáanlegum skorti ákvæðinna heilbrigðisstéttu eftir landshlutum og möguleikann á nýtingu fjarheilbrigðisþjónustu og annarrar tækni til að takast á við fyrirsjáanlegan mönnunarvanda.

Þá er áætlað að að landsráðinu komi aðilar úr heilbrigðisþjónustunni, menntasamféluginu og vísindasamféluginu með það að markmiði að tryggja viðeigandi færni, þekkingu og þróun innan heilbrigðisþjónustunnar hverju sinni. Landsráðinu er einnig ætlað að hafa virkt samráð við aðila tengda heilbrigðisþjónustu, þ.e. sjúklinga, sjúklingasamtök, fagfélög og aðra hagsmunaaðila.

Með skipan landsráðsins standa vonir til þess að meðal annars verði hægt að finna lausnir á þeim

vanda hvað varðar fjölda talmeinafræðinga. Ennfremur er ljóst að með aukinni nýtingu á fjarheilbrigðisþjónustu er mögulegt að veita fleiri börnum þjónustu án tillits til búsetu. Þar sem talmeinaþjónusta fyrir börn er bæði veitt af sveitarfélögum og af sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum með greiðsluþáttöku sjúkratrygginga er mikilvægt að bæði ríki og sveitarfélög komi að lausn í þessum málaflokkni.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra



Elsa B. Friðfinnsdóttir



Anna Birgit Ómarsdóttir